

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 13.janúar.2022
UST202112-118/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027 - Frístundabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 9. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027.

Í greinargerð kemur fram að breytingin felst í því að gefa svigrúm til þess að heimila meira byggingarmagn á litlum og eldri lóðum, en nýtingahlutfallið 0,03 segir til um. Einnig er breytingunni ætlað að skýra ramma um byggingaheimildir á frístundalóðum sem eru stærri en 1 ha og setja þar með þak á hámarksbyggingarmagn á frístundalóðum. Markmið með breytingunni er að auðvelda afgreiðslu deiliskipulagsbreytinga og byggingarleyfa í eldri frístundahverfum innan sveitarfélagsins.

Einnig segir að í stefnu aðalskipulagsins kemur fram að markmið þess sé að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Í kafla 2.3.2 Frístundabyggð, eru sett fram markmið og leiðir um staðsetningu frístundasvæða og útfærslu, en þar segir: „*Frístundabyggð verði að jafnaði ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars*“.

Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun tekur undir sem kemur fram í tillögunni að markmið þess sé að tryggja vernd landslags og náttúru og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að frístundasvæðin innan sveitarfélagsins eru ólík og geta verið staðsett á svæðum með verndargildi eins og svæðum á náttúruuminjaskrá¹, í birkiskógum, á hrauni og við stöðuvötn sem falla undir sérstaka vernd² 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013³ og getur því aukið byggingarmagn raskað ofangreindum svæðum með verndargildi. Umhverfisstofnun vill benda m.a. á að Laugarvatn og

¹ <https://natturuminjaskra.ni.is/>

² <https://serstokvernd.ni.is/>

³ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

Apavatn í Laugardal og Brúará er svæði á tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) að framkvæmdaráætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár.⁴ Á heimasíðu NÍ segir m.a. að svæðið er alþjóðlega mikilvægt svæði fyrir húsendur og gulendur á veturna og mikið af öndum dvelst á ám og vötnum á fartíma, þar á meðal duggönd og straumönd. Auk þess segir að helstu ógnir við svæðið er vaxandi frístundabyggð, ferðamennska og hætta á mengandi frárennsli. Helstu aðgerðir til verndar svæðisins er að tryggja að ekki verði byggt of nærri vatns- og árbökkum og gæta að mengun frá íbúa- og frístundabyggð.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur

⁴ <https://www.ni.is/greinar/su-laugarvatn-apavatn-bruara>